

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, fimmtudaginn 20. desember 2007, í máli nr. S-1275/2007:

### Ákærvaldið

*(Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir fulltrúi)*

gegn

### Ingólfi Abraham Shahin

*(Hilmar Ingimundarson hrl.)*

Ár 2007, fimmtudaginn 20. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni, héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 1275/2007: Ákærvaldið (Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir) gegn Ingólfi Abraham Shahin (Hilmar Ingimundarson hrl.) sem tekið var til dóms hinn 11. desember sl. að lokinni aðalmeðferð.

Málið er höfðað með ákæru Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 20. ágúst sl. á hendur ákærða, Ingólfi Abraham Shahin, kennitala [...], Stórateigi 24, Mosfellsbæ, “fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 5. nóvember 2006, á veitingahúsinu Barnum, Laugavegi 22, Reykjavík, slegið Birgi Jóhannesson í höfuðið með gleríláti svo það brotnaði, með þeim afleiðingum að hann hlaut sár undir hárlínu, skurð framan við vinstra eyra, tvær rispúr á vinstri kinn og skurð á vinstri augabrún nær nefi.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Bótakrafa:

Af hálfu Birgis Jóhannessonar, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða skaða- og miskabætur samtals að fjárhæð kr. 741.805 með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 5. nóvember 2006, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga.”

**Málavextir**

Samkvæmt staðfestri skýrslu Katrínar Evu Erlarsdóttur, lögreglukonu, sem dagsett er 28. nóvember 2006, voru lögreglumenn sendir um hálfmímleytið aðfaranótt sunnudagsins 5. nóvember á veitingastofuna Barinn við Laugaveg þar sem maður var sagður hafa meiðst á höfði. Þegar þangað kom var þar fyrir sjúkrabíll og hinn slasaði, Birgir Jóhannsson, lá á sjúkrabörum þar innan dyra. Er haft eftir honum í skýrslunni að hann hefði lent í orðaskaki við krúnurakaðan mann í dökkum jakka sem hefði svo orðið til þess að maðurinn hefði brotið glas á höfðinu á honum. Dyraverðir vísuðu á mann þennan, ákærða í málinu sem neitaði því að hafa brotið glas þarna inni en kannaðist við að hafa lent í stimpingum. Þá er dyraverður staðarins sagður hafa skilið þá ákærða og Birgi og sagst vera viss um að “sá krúnurakaði” hefði brotið flösku eða glas á höfði Birgis. Þá er sagt í skýrslunni að á vettvangi hafi verið vinur Birgis, Víðir að nafni, sem hefði sagst hafa séð þegar ákærði braut glas eða flösku á höfði Birgis. Í skýrslunni er þess getið að ekki hafi sést áverkar á ákærða.

Birgir leitaði til slysadeildar Landspítalans í Fossvogi með meiðsli sínu. Í óstaðfestu vottorði spítalans segir um þau að hann hafi verið með nokkur sár vinstra megin á höfði; 4 sm skurð upp undir hárlínu, 3 ½ cm skurð framan við vinstra eyra og annað sár þar framan og rétt neðan við. Loks hafi verið tvær rispúr á vinstri kinn og skurður á vinstri augabrún nær nefi. Var gert að meiðslum þessum á spítalanum.

Mánudagsmorguninn 6. nóvember 2006 kom Birgir til lögreglu og kærði yfir þessari líkamsárás. Hann segist hafa verið á umræddum skemmtistað ásamt Víði Leifssyni og Magnúsi Berg Magnússyni. Hann kvaðst hafa neytt áfengis en þó ekki verið ofurölvi. Hann hafi séð hvar kunningi, Guðmundur Rúnar Ingvarsson, var á tali við mann, sem Birgir ekki þekkti, og gengið til Guðmundar Rúnars. Hafi þetta verið við salernin nálægt útganginum af staðnum á neðri hæð. Hafi Guðmundur þá sagt að maður þessi væri með kjaft við sig og kvaðst Birgir þá hafa snúið sér að manningnum og spurt hvað gengi á. Maðurinn hafi þá sagt honum að halda kjafti en Birgir kveðst þá hafa svarað í sömu mynt. Hefði maðurinn þá gripið í jakkaboðunga hans en Birgir kvaðst þá hafa gripið í manninn á móti en maðurinn þá slegið hann með bjórglasi sem hann hélt á í hægri hendi. Hafi höggið komið vinstra megin í andlitið og glasið mölbrotnað við það. Dyraverður hafi þegar komið að og farið að stumra yfir honum en hann kvaðst hafa skorist í andliti svo að sauma varð skurðina 15 sporum alls.

Víðir Leifsson gaf skýrslu hjá lögreglu 23. janúar sl. og sagði að þeir Birgir og Magnús Berg hefðu séð einn féлага þeirra, Guðmund Ingvarsson, ölvaðan, í útistöðum við mann fyrir utan salernið á veitingastaðnum Barnum. Hefðu þeir staðið þétt saman, Guðmundur og maðurinn. Skyndilega hefði maðurinn slegið Birgi í andlitið með glasi eða flösku eða einhverju úr gleri. Hafi svo orðið lítils háttar ryskingar með mönnum í framhaldi af þessu en hann ekki séð þær nánar fyrir þvíöggunni sem þarna varð. Dyraverðir hefðu svo komið fljótlega að og farið með Birgi og árásarmanninn. Kvaðst Víðir hafa farið með Birgi í sjúkrabíl á slysadeild. Þá sagðist Víðir hafa farið með Birgi á lögreglustöðina daginn eftir að kæra árásina og þeir þá mætt árásarmanninum í afgreiðslunni þar. Hefðu þeir spurt lögreglumanninn í afgreiðslunni þar í hvaða erindum maðurinn hefði verið og þá verið sagt að hann hefði verið að spyrjast fyrir um það hvernig manningnum liði sem hann hefði lamið í bænum. Kvaðst Víðir treysta sér til þess að bera kennsl á

manninn af mynd. Væri hann krúnurakaður og með útlit eins og úr Mið-Austurlöndum.

Guðmundur Rúnar Ingvarsson gaf skýrslu hjá lögreglu 24. janúar sl. og kvaðst þá hafa farið að tala við mann sem hann hafði aldrei áður séð. Kvaðst hann hafa sagt einhvern brandara sem maðurinn hafði ekki smekk fyrir svo að úr varð rifrildi og hefði maðurinn verið ógnandi. Birgir hefði þá komið á milli þeirra og maðurinn þá tekið í axlir honum og Birgir gert það sama við manninn. Hefði maðurinn tekið glas sem stóð á háu borði sem þarna var og slegið glasinu í andlitið á Birgi. Hefði Birgið þá ýtt manninum frá sér en meira kvaðst hann ekki hafa séð til þeirra þar eð hann hefði farið inn á snyrtinguna til þess að skola blóð af höndum sér. Hann kvaðst ekki myndu geta þekkt árásarmanninn aftur.

Magnús Berg Magnússon gaf skýrslu í málinu hjá lögreglu 26. janúar sl. Sagðist hann hafa verið með Birgi og Víði á Barnum og hefði Birgir hitt þar mann sem hann þekkti fyrir utan salernin. Sá maður hefði verið á tali við annan mann, snoðklipptan og dökkan á hörund. Skyndilega hafi þessi maður tekið glas og slegið því í andlitið á Birgi með töluverðum þunga. Dyraverðir hefðu komið og tekið árásarmanninn og aðrir dyraverðir komið til þess að sinna Birgi. Hann kvaðst ekki telja líklegt að hann gæti þekkt árásarmanninn aftur.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 29. janúar sl. og sagði svo frá að hann hefði verið staddur á Barnum umrædda nótt og ekki mjög ölvaður. Hann hafi ætlað sér á salerni en orðið að bíða á gangi þar fyrir framan. Hefði þá smáfaxinn piltur komið og rekist í sígarettuna sem ákærði var með. Hefði hann kvartað yfir þessu og þeir lent í orðahnippingum út af þessu og kvaðst hann þá hafa stjakað laust við piltinum. Þrír vinir piltsins hefðu komið að í þessu, einn þeirra inn á ganginn en hinir beðið þar fyrir utan. Hafi þeim litla þá virst vaxa sjálfstraust og hann farið að hoppa um og storka ákærða. Þessi vinur ákærða hefði þá tekið um úlnliðina á ákærða og haldið þeim að síðum hans og kveðst ákærði þá hafa verið með bakið upp að vegg. Sá litli hafi haldið áfram að hoppa um en ákærði kveðst hafa sagt þeim þrisvar sinnum að láta sig í friði. Sá litli hafi þá komið upp að honum og rekið honum kinnhest. Hefði hann þá brotist um til þess að losa sig og farið út af ganginum en þá fengið högg frá einhverjum á nefið. Þegar hann var kominn út af ganginum hafi dyraverðir komið og skakkað leikinn. Hefði hann farið með þeim fram í eldhús og beðið þar eftir lögreglunni, sem búið hafi verið að hringja á. Hann hefði þurft að þurrka blóð framan úr sér og héldi hann að hann hefði örugglega nefbrotnað. Hann kveðst svo hafa tekið myndir af sér eftir þetta en ekki farið á slysadeildina, enda ekki ætlað sér að kæra yfir þessu. Hann kvaðst saklaus af þessu og ekki vita hvaðan þessi flaska kom og hann hafi að minnsta kosti ekki kastað henni. Um það að hann hefði komið á lögreglustöðina sagði hann að hann hefði komið þangað til þess að fregna af líðan piltsins sem hann hafði frétt að hefði fengið flösku í andlitið. Þá hefði hann viljað vita hvert ætti að verða næsta skref hjá sér. Sagði hann að Birgir og vinir hans væru með þessari kæru að gera sig að handrukara og skrýmsli, sem hann ekki væri.

Meðal gagna málsins er skýrsla Daða Gunnarssonar lögreglumanns, 23. janúar sl., þar sem segir að lögreglumaðurinn hafi hringt í Kristin Arnar Diego, dyravörð á Barnum. Er þar haft eftir Kristni Arnari að hann hafi ekki séð nákvæmlega hvað gerðist. Hefði hann séð þegar glasinu var slegið í andlit Birgis en ekki hver þá hélt á glasinu. Tveir menn hefðu verið að slást og í kring um þá

hefðu verið nokkrir menn sem Kristinn Arnar áleit vera félagi Birgis, enda hefði Birgir verið þarna í fylgd nokkurra félaga sinna. Ingólfur, sem væri fastagestur á staðnum hefði verið einn. Hefðu aldrei áður verið nein læti í sambandi við hann.

Þá er í málinu önnur skýrsla Daða Gunnarssonar lögreglumanns, 29. janúar sl. þar sem segir að lögreglumaðurinn hafi hringt í mann að nafni Sverrir Þórðarson, kt. [...], vegna ábendingar ákærða um að Sverrir gæti hafa séð eitthvað af því sem gerðist. Er haft eftir Sverri í skýrslunni að hann hefði verið á Barnum í umrætt sinn og staðið við barinn, sem sé nokkrum þrepum fyrir ofan salernin. Hefði hann allt í einu tekið eftir því að ryskingar voru við salernin og hann þá farið þangað að athuga hvað gengi á. Þar hefði hann séð fjóra menn kljást við mann með arabískt útlit eða eitthvað líkt því. Hefðu mennirnir verið að lemja á manni þessum og haft hann undir. Hefðu þeir hrópað einhver kynþáttahatursorð að manningnum, sem hefði verið með áverka í andliti. Dyraverðir hefðu svo komið að og skakkað leikinn.

Verður nú gerð grein fyrir því sem fram hefur komið í meðferð málsins fyrir dómi.

Ákærði neitar sök. Hann kveðst hafa ætlað sér á salernið á Barnum og þar inni hafi verið ölvaður strákur sem hafi rekist í hann og einhver þirringur orðið með þeim úr því. Kveðst ákærði hafa stjakað við pilti þessum, ekki með neinu ofbeldi, til þess að gefa honum til kynna að þeir skyldu hætta þessu skaki. Hafi þeir enda hætt því en um mínútu seinna hafi einhverjir vinir stráksins komið þarna inn en þá hafi strákurinn fyrrnefndi farið að hoppa um og manað ákærða. Hafi strákurinn svo ætlað að stjaka við sér eins og ákærði hafði gert við hann en þá “springur allt” og það eina sem hann hafi hugsað þá hafi verið að koma sér út úr þeim þrengslum sem hann var staddur í. Nánar aðspurður segir hann Birgi hafa þrengt sér upp að vegg en tveir strákar hafi staðið við dyrnar “og ég kasta mér út”. Allt hafi þetta gerst mjög snögglega, á 10 – 15 sekúndum. Kveðst hann svo næst hafa rankað við sér þarna frammi og þá verið kominn með blóðnasir. Ekki viti hann hvernig hann fékk blóðnasirnar nema að hann hafi fengið högg á nefið. Hafi hann farið inn í eldhúsið og þurrkað blóð framan úr sér. Lögreglan hafi komið og hann farið út í lögreglubílinn. Kveðst hann sérstaklega hafa sýnt þeim hendur sínar þegar þeir sögðu honum að pilturinn hefði verið sleginn með gleri. Hafi honum svo verið sleppt. Ákærði neitar því að hafa verið með gler í hendinni þegar þetta gerðist. Þá tekur hann fram, vegna þess sem komið er fram í málinu, að ekkert borð hafi verið þarna sem glas gæti hafa staðið á. Þá sé það rangt sem haldið hafi verið fram að hann hafi verið í haldi eða tókum dyravarða eftir atvikið.

Birgir Jóhannsson hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því að hann hafi verið staddur á Barnum með tveimur fyrrnefndum kunningjum sínum. Hann hafi séð til kunningja síns, Guðmundar, hjá salerninu á jarðhæð hússins nálægt innganginum. Kveðst hann þegar hafa gengið til Guðmundar og þá séð að hann stóð í orðaskaki við ókunnan mann. Hafi Guðmundur sagt manninn vera að rífa kjaft. Kveðst Birgir þá hafa blandað sér í þetta og farið að munnhöggvast við manninn. Hafi maðurinn þá gripið í kragann á honum en hann gripið í manninn á móti. Í því hafi maðurinn slegið hann með glasi í andlitið vinstra megin og notað til þess hægri höndina. Kveðst hann hafa riðað við þetta og gripið í hettu mannsins en í því hafi dyraverðir komið og farið með vitnið afsíðis þar sem hann svo beið eftir sjúkrabíl og lögreglu. Kveðst hann hafa verið útataður í blóði eftir þetta og hafi þurft að sauma sár hans á slysadeildinni með 15 sporum eða svo. Hann kveðst hafa verið

búinn að drekka eitthvað af áfengi þegar þetta gerðist en hann hafi þó ekki verið ofurölvi. Muni hann vel eftir atvikum og sé viss um að það hafi verið ákærði sem sló hann með glasinu. Hann segist hafa hitt ákærða eftir atvikið. Hafi ákærði hringt í vitnið og sagst vilja ganga frá málinu utan réttar og viljað hitta vitnið. Kveðst hann hafa farið að hitta ákærða á skemmtistaðnum Prikinu en hann kveðst hafa hafnað því að semja við ákærða um málið. Vitnið segir að þarna sé ekki borð, eins og komið hafi fram, heldur hafi hann séð ákærða með glas í hendi. Hann segist hafa farið með Víði á lögreglustöðina daginn eftir til þess að kæra yfir þessari árás og þá hafi hann rekist á ákærða þar. Hafi ákærði, sem ekki virtist kannast við vitnið, spurt hvort hann hefði verið laminn í bænum. Kveðst Birgir hafa þekkt þar árásarmanninn og orðið furðu lostinn yfir þessu. Hann segist hafa sest niður og svo heyrst ákærða spyrja lögreglukonu þarna um vitnið en hún sagt að hún gæti ekki sagt honum annað en að viðkomandi væri á lífi. Ákærði hafi farið út við svo búíð en þeir Víðir tekið niður bílnúmer hans. Hann segist bera ör eftir þetta, sem hann sýnir í réttinum, og einnig klæi hann í eitt örið. Hann segist einnig hafa orðið fyrir andlegu áfalli við þetta, fundið til ótta eftir þetta og þegar hann sjái örin í spegli rifjist þessi atburður upp.

Guðmundur Rúnar Ingvarsson hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því að hann hafi verið staddur á Barnum í umrætt sinn. Hann kveðst hafa verið búinn að drekka áfengi en muna mjög vel eftir atvikum. Hafi hann lent á tali við mann og sagt við hann brandara sem maðurinn virtist ekki kunna að meta og hafi hann reiðst. Hafi hlotist af þessu orðahnippingar og maðurinn orðið ógnandi í framkomu. Í því hafi Birgir vinur hans komið þar að og gengið á milli þeirra mannsins. Hafi maðurinn tekið í axlirnar á Birgi og Birgir gert það sama við manninn. Næst hafi hann séð að ákærði sló Birgi í andlitið með bjórglasi sem hann var með í hægri hendi. Kveðst hann aðspurður ekki vera viss hvort ákærði tók glasið af borði eða hillu sem þarna var til hliðar eða hvort hann hélt á glasinu áður. Hafi Birgir skorist í andlitinu og hafi fossblætt úr andlitinu út um allt. Einhverjar ryskingar hafi orðið en dyraverður komið og stíað þeim sundur. Sjálfur hafi hann farið að þvo af sér blóð og viti hann ekki hvað varð um þá hina. Hann segist ekki hafa treyst sér til þess hjá lögreglunni að þekkja árásarmanninn af mynd. Honum hafi svo verið sýnd mynd í tímaritinu Mannlífi og hann þá strax þekkt þar árásarmanninn. Hann sér ákærða í réttinum og kveður það vera manninn sem um ræðir. Hann kveður það verið rangt hjá ákærða að hann hafi löðrungað hann. Geti hann ekki hafa fengið blóð á hendur sínar af ákærða en líklega úr Birgi. Hann kveðst ekki hafa séð áverka á ákærða.

Magnús Berg Magnússon hefur skýrt frá því fyrir dómi að þegar þeir þrír voru nýkomnir inn á Barinn hafi Birgir séð þar Guðmund, kunningja sinn. Hafi þeir tekið tal saman en þeir Víðir staðið á lengdar. Einhver læti hafi orðið þarna og hann séð snoðklipptan mann, dökkleitan, sem vitnið ekki þekkti, halda í Birgi og Birgi halda í manninn á móti. Hafi hann svo séð manninn slá glasi vinstra megin í andlitið á Birgi. Kveðst Magnús Berg hafa verið stutt frá þegar þetta gerðist og hafi blóð og glerbrot gengið yfir þá Víði. Dyraverðir hafi strax komið og dregið í burtu Birgi og hinn manninn. Magnús Berg kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis þegar þetta gerðist. Um það atriði í skýrslu vitnisins að árásarmaðurinn hefði tekið glas, segir Magnús að hann viti ekki hvaðan hann tók glasið en hann kveðst hafa séð manninn vera með glas í hendinni og slá Birgi með því. Þá kveðst hann ekki muna eftir því að borð væri þarna. Þá segir hann, vegna þess þar sem hann sagði í skýrslunni, að líklega myndi hann ekki þekkja árásarmanninn af mynd, að hann hafi séð mynd af ákærða á netsíðu nokkurri eftir það og þá þekkt ákærða af þeirri

mynd. Hann kveðst ekki hafa séð áverka á árársarmanninum eftir þetta.

Katrín Eva Erlarsdóttir, lögreglukona, hefur skýrt frá því að hún muni lauslega eftir atvikinu. Þegar þau komu á Barinn hafi sjúkrabíll verið þar fyrir og í honum maður sem sagðist hafa verið sleginn með flösku. Hafi hann gefið lýsingu á árársarmanninum og þau fundið mann þarna sem lýsingin svaraði til. Þá muni hún að þarna hafi einnig verið dyraverðir. Hún staðfestir skýrslu sína og skýrir það, að skýrslan er dagsett 13 dögum eftir atburðinn, með því að miklar annir hafi verið. Vegna þess að nafn ákærða er í skýrslunni lagt í munn hins slasaða segist hún aðspurð ekki muna hvort hann hafi sagt nafn hans eða hvort það sé komið inn í skýrsluna vegna þess að ákærði hafði þá verið kærður í málinu. Hún segist rita skýrslur sínar eftir vasabók sem hún skrifi í upplýsingar. Hún kveðst ekki muna nánar hvar þau töluðu við ákærða eða hvort hann var með áverka. Þá segist hún muna að þau hafi kannað hvort glas eða flaska fyndist þarna og hefðu dyraverðirnir sagt að þeir hefðu hvorki fundið glas né flösku.

Sverrir Þórðarson hefur komið fyrir dóm vegna skýrslu Daða Gunnarssonar lögreglumanns um símtal við hann. Kveðst hann ekki hafa verið á Barnum í umrætt sinn og sé það rangt sem skráð er eftir honum í skýrslunni en frásögnin í henni sé rétt höfð eftir honum. Hafi hann skýrt svona frá til þess að eitthvað hljómaði vel. Hann kveðst kannast við Ingólf úr menntaskóla. Hafi Ingólfur hringt í hann áður en hann kom til þess að bera vitni í málinu.

Kristinn Arnar Diego, dyravörður á Barnum í umrætt sinn, hefur skýrt frá því fyrir dómi að hann hafi verið að gæta dyranna og orðið var við að “tveir gaurar” hafi verið í slagsmálum þar fyrir innan. Hafi einnig verið “aðrir gaurar sem hafi verið vinir gaurans”. Kveðst hann hafa hraðað sér þangað og þá séð bjórglas koma fram hjá sér og þá allt í einu “kemur blóð í mig”. “Það er eiginlega gaurinn sem skarst og ég auðvitað tek hann frá hinum” og fór með hann afsíðis. Glasið hafi þó ekki endilega verið frá þeim sem voru að rífast. Hafi það greinilega verið úr “vinahópi hins hópsins” sem hafi látið bjórglasið fara “í eigin vin”. Kveðst hann ekki hafa séð hvaðan glasið kom en geta fullyrt að það hafi verið frá hvorugum þeirra sem í átökunum voru því hann hafi verið hjá þeim þegar hann hafi séð bjórglasið koma. Hann segir mennina hafa verið tekna þar sem þeir hafi báðir verið alblóðugir. Undir hann er borið það sem eftir honum er haft í skýrslu Daða Gunnarssonar lögreglumanns og segir hann þá skýrslu vera “nákvæmlega það sama” sem hann hafi nú borið. Hann kveðst ekki þekkja ákærða, nema þá í sjón, enda sé hann fastagestur þarna. Hina þekki hann ekki. Nánar aðspurt út í atvikið segist vitnið hafa komið að mönnunum og geti hann alveg fullyrt um það að bjórglasið fór fram hjá því og alveg geta lent á því en það hafi farið “beint í andlitið á gauknum”. Þannig hafi blóðið komið á vitnið. Aðspurt hvort útilokað sé að bjórglasið hafi komið frá þeim tveimur sem í átökunum voru segir vitnið já. Hvort glasinu hafi verið kastað eða slegið með því segir hann að nota hafi átt glasið “til að brjóta upp...” Aftur var vitnið spurt hvort hönd hélt á glasinu þegar það skall í manninum eða því kastað segir vitnið: “Ég myndi frekar segja kastað.” Glasið hafi brotnað og segir vitnið fjölda manns hafa verið þarna, þarna hafi verið koldimmt og “allir hafi stigið á þetta” og “það hvarf bara.” Sé hreinsað til eftir lokun staðarins. Sá sem fyrir glasinu varð hafi verið allur blóðugur en hinn með eitthvað á nefinu. Hann segir fastagesti staðarins ekki þurfa að bíða í biðröð.

Vitnið Halldóra Gyða Guðnadóttir, starfsmaður á Barnum, hefur komið fyrir dóm. Hún segir frá því að hún hafi orðið vör við einhvern æsing fyrir framan salernin um það leyti sem verið var að loka. Hún kveður ákærða, sem hafi verið þar, vera kunningja fyrrverandi kærasta síns og hafi hún fylgt honum inn í eldhús staðarins. Hafi ákærði haldið um andlitið á sér og verið með blóðkám á höfðinu. Hafi hann haldið um nef sér og á því verið skráma eða skurður. Hafi hún látið hann fá bréfpurrku. Hún segist halda að ekki hafi verið sár á höfðinu á honum þótt þar hafi verið blóðkám.

Ásgrímur Eiríksson hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því að hann hafi verið staddur á Barnum í umrætt sinn. Hafi hann staðið við súlu sem sé í miðjum staðnum og til hliðar við salernin. Hafi hann séð að stimpingar byrjuðu þarna inni og séð Ingólfi, sem hann kannist við, bregða fyrir þegar hann kom út úr þvögunni, sem þar var inni og fram. Hann kveðst ekki hafa séð áverka á honum. Dyraverðir hafi svo komið að og orðið fjaðrafok.

Víðir Leifsson hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því að hann hafi verið staddur á Barnum í umrætt sinn og einnig Birgir og Magnús Berg. Hafi þeir komið inn á barinn og fljótlega séð hvar Guðmundur Ingvarsson, sem vitnið þekkir, var að tala við ókunnan mann í anddyri að salernunum. Hafi þeir greinilega verið að rífast Guðmundur og maðurinn. Hafi maðurinn haldið á glasi og greinilega verið reiður við Guðmund. Hafi Birgir gengið á milli þeirra og farið að skipta sér af þessu. Mjög skjótt eftir það kveðst hann hafa séð manninn berja Birgi með glasi vinstra megin í andlitið. Hafi Birgir reynt að halda í manninn og dyraverðir komið að. Hafi hann séð eftir á að mikið blæddi úr andliti Birgis. Hann kveðst hafa farið með Birgi daginn eftir á lögreglustöðina og þeir rekist þar á mann sem honum fannst líkjast árárarmanninum en Birgir hafi þar þekkt hann með vissu sem árárarmanninn. Hafi hann verið með plástur á nefinu. Seinna, eftir að Birgir hafði haft upp á nafni mannsins, hafi þeir slegið það inn á leitarvél og þá hafi komið upp grein með mynd af manninum. Sé hann viss um að það er sami maður og ákærði. Um það sem segir í skýrslu hans hjá lögreglu, að um hafi verið að ræða, glas, flösku eða gler, segir Víðir að hann muni ekki eftir því að hafa hagað orðum með þessum hætti, en hann sé viss um það að Birgir hafi verið sleginn með glasi. Hann kveðst hafa reynt að halda í árárarmanninn örskamma stund en dyravörður hafi komið þarna að og blandað sér í þetta. Hann kveðst ekki hafa séð áverka á ákærða en daginn eftir hafi hann séð á lögreglustöðinni að hann var með plástur.

Gunnar Örn Arnarson hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því að hann hafi verið á Barnum og setið við plötuspilaraborðið. Hafi hann heyrt “ristingar” skammt frá, þar sem salernið er. Hafi hann heyrt ákærða Ingólf ryðjast út með látum og svo heyrt brothljóð fyrir aftan hann. Þarna hafi verið 5 eða 6 manns og þrengsli og hafi ákærði verið að berja sig út úr þvögu sem þarna var. Segist hann hafa verið um 2 metra frá þessu. Hafi eitthvað komið, flaska eða glas, úr básnum sem hafi verið fyrir aftan hann. Ekki viti hann hvort einhver hafi haldið ákærða en hann hafi verið að reyna að komast út og verið mjög brugðið þegar vitnið hljóp út og einnig hafi aðeins séð á ákærða. Kveðst hann ekki vita hvort það hafi verið blóðnasir eða einhverjir smááverkar. Gunnar Örn kveðst hafa verið með ákærða í grunnskóla fyrir 10 árum. Kveðst hann hafa hitt ákærða í Smáralind fyrir um mánuði síðan og kveðst hann hafa farið að rifja það upp við ákærða að síðast þegar þeir hittust hefði hann verið að flýja einhver áflog á barnum. Hafi ákærði sagt

honum hvernig það mál stæði og spurt hvort hann væri til í að bera vitni um það sem hann hefði séð. Hann kveðst hafa verið með Ásgrími Eiríkssyni á Barnum þegar þetta gerðist. Nánar aðspurður segir vitnið að ákærði hafi verið að ryðjast út af klósettinu þegar vitnið sá hann en segir svo, frekar aðspurður, út af básnum sem sé fyrir framan klósettið. Hafi hann þá heyrt brothljóðið fyrir aftan hann. Hann er spurður hvort rýsingarnar hafi verið inni á klósetti en segist ekki vita nákvæmlega hvar þær voru. En það hafi verið hljóð og þegar þeir hafi horft inn á klósettið hafi Ingólfur verið að reyna að brjótast út, það er að segja út af básnum fyrir framan klósettið. Kveðst hann ekki vita hvað gerðist inni á klósettinu en séð þegar ákærði var kominn út af því og var að reyna að brjótast út. Hafi þá einhverju verið hent “af klósettinu fram fyrir aftan hann.” Vitnið segist ekki hafa séð áverka á öðrum manni þarna.

Óttar Már Ingólfsson hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því að hann hafi verið staddur á Barnum með nokkrum félögum sínum á efri hæð staðarins. Muni þetta hafa verið um fyrstu helgina í nóvember. Hafi þeir verið að tygja sig heim og hann skroppið niður á neðri barinn og farið á klósettið. Meðan hann var þar hafi hann heyrt einhver læti og þegar hann hafi verið á leiðinni út um dyrnar hafi hann orðið var við áflog fyrir framan þær. Kveðst hann hafa fengið einhvern yfir sig þar sem hann gekk út og verið við það að falla. Hafi hann haldið á björglasi og, eins og fyrir ósjálfráð viðbrögð og til þess að lenda ekki á glasinu, hent því frá sér. Hafi hann enga grein gert sér fyrir því að hann væri að kasta glasinu neitt, því fyrir honum hafi það eitt vakað að koma sér út. Hafi hann svo ekki hugsað frekar um þetta og ekki vita hvar glasið lenti. Hafi hann farið upp á efri hæðina og náð í vini sína og farið út af staðnum. Hann segist hafa séð ákærða þarna. Þá segir hann þá eiga sameiginlegan vin. Hann segist hafa “séð hann einu sinni eða tvisvar áður en ekkert eitthvað til þess að gera eitthvað veður út af.” Tilefni þess að hann sé kominn til þess að gefa skýrslu í málinu sé það að hann hafi talað við sameiginlegan vin þeirra ákærða. Hafi nafn ákærða borið á góma og vinurinn þá farið að tala um þetta mál og sagt að ákærði væri talinn hafa kastað glasi. Kveðst vitnið þá hafa sagt vini þeirra að hann hefði verið þarna staddur og séð áflogin. Kveðst hann hafa sagt honum söguna og hann þá sett þá ákærða í samband. Hann kveðst ekki hafa séð glerlát í höndum ákærða, svo hann best viti, en þetta hafi gerst svo fljótt og hann ekki getað séð það.

Ákærði hefur í lok aðalmeðferðarinnar í málinu verið spurður út í fundinn á kaffihúsinu með Birgi. Segir hann að hann hafi viljað hitta Birgi eftir að honum var birt ákæra í þessu máli til þess að Birgir áttaði sig á því að hann væri ekki sá sem hefði meitt hann. Hann segist hafa fengið símtal fyrir þennan fund þar sem hann hafi verið varaður við því að Birgir ætlaði að koma á fundinn með tveimur “handrukkurum” og að hann skyldi vara sig. Þeir hafi svo hist á kaffihúsinu og tveir aðrir menn verið með Birgi. Hafi þeir hóttað honum líkamsmeiðingum og jafnframt rúkað hann um 500 þúsund krónur. Segist hann hafa tvö vitni, strák og stelpu, sem þarna hafi verið og séu reiðubúin að koma fyrir dóm, verði það tryggt að þessir strákar komist ekki að því hvað þau heiti. Segist ákærði ekki hafa þorað að segja frá þessum fundi áður.

## Niðurstaða

Mikið ber á milli ákærða og þeirra Birgis, Guðmundar Rúnars, Magnúsar Bergs og Víðis. Þessum vitnum ber saman í öllum atriðum sem máli skipta og frásögn þeirra eru í sjálfu sér trúverðug, rétt eins og framganga þeirra í málinu og framkoma fyrir dómi. Bera þeir allir að maður, sem svarar til útlits ákærða, hafi slegið Birgi með glasi í andlitið svo að hann skarst eins og nánar hefur verið lýst. Þessi vitni hafa með fullri vissu borið kennsl á ákærða eftir atvikið á Barnum, eins og rakið hefur verið. Ákærði fékk hins vegar kunningja sinn einn til þess að bera rangt í málinu við lögreglurannsóknina, en sá hefur nú horfið frá fyrri skýrslu sinni. Þá er að geta vættis Gunnars Arnar Arnarsonar, sem rakið var en hann segist þannig vera að málinu kominn að þeir ákærði hafi verið skólafélagar í grunnskóla fyrir tíu árum og hann auk þess verið staddur á Barnum þegar atburðurinn varð þar. Hittust þeir svo af tilviljun í Smáralind fyrir um mánuði síðan og kom mál þetta þá til tals með þeim. Um efni skýrslunnar er það að segja að hún er losaraleg. Vitnið Óttar Már Ingólfsson segist vera þannig að málinu kominn að þeir ákærði eigi sameiginlegan vin, málið hafi borið á góma á milli þeirra og vinurinn sett þá ákærða í samband. Dóminum þykir vitni þetta tortryggilegt og efni skýrslunnar er auk þess með talsverðum ósennileikablæ. Þá er að geta skýrslu Kristins Arnar Diego dyravarðar, sem borið hefur með ákærða í málinu. Er helst að skilja hana svo að glasið sem lenti í Birgi hafi komið utan úr sal, en annars er skýrsla þessi þvælukennd og ósamkvæm. Loks verður ekki sagt að framganga ákærða sjálfs í málinu sé traustvekjandi þá er nokkur losarabragur á skýrslum hans, sem auk þess eru ekki lausar við ýkjur og dylgjur. Þá eru þær sumpart með nokkrum ólíkindum.

Dómurinn álitur sannað með skýrslum vitnanna fjögurra, sem eru í samræmi við skjallag gögn í málinu og sjáanleg ör í andliti Birgis Jóhannessonar, að ákærði hafi slegið hann í andlitið með glasi svo að hann skarst eins og lýst er í ákærinni. Árás ákærða var stórhættuleg og hefði hæglega getað leitt til örkuðla fyrir Birgi. Varðar þetta athæfi ákærða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

## **Refsing, skaðabætur og sakarkostnaður**

Sakaferill ákærða hefur ekki þýðingu fyrir mál þetta. Ákærði réðst af litlu tilefni á Birgi og árásin var bæði fólkskuleg og hættuleg. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Ekki er ástæða til þess að skilorðsbinda refsinguna.

Af hálfu Birgis Jóhannessonar hefur þess verið krafist að ákærði verði dæmdur til þess að greiða honum 714.805 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 5. nóvember 2006 en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laganna. Sundurliðast krafan sem hér segir:

þjáningabætur skv. 3. gr. skaðabótalaga	33.630 krónur
miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga	500.000 kr.

lögfræðikostnaður	143.175 kr.
munatjón; frakki, skyrta, bindi, myndavél	65.000 kr.
samtals	<u>741.805 kr.</u>

Dæma ber ákærða til þess að greiða 300.000 krónur í þjáninga- og miskabætur og 70.000 krónur í bætur fyrir kostnað við að halda kröfunni fram. Krafa um bætur fyrir munatjón er órökstudd og ber að vísa þeim lið frá dómi. Ber samkvæmt þessu að dæma ákærða til þess að greiða Birgi Jóhannessyni 370.000 krónur í skaðabætur ásamt almennum vöxtum frá tjónsdegi, 5. nóvember 2006, til 28. febrúar 2007 en eftir það með dráttarvöxtum til greiðsludags.

Dæma ber ákærða til þess að greiða Hilmari Ingimundarsyni hrl. 300.000 krónur í málsvarnarlaun og Grími Sigurðarsyni hdl. 150.000 krónur í réttargæslulaun. Laun lögmannanna dæmast með virðisaukaskatti. Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða 23.200 krónur í annan sakarkostnað.

#### **DÓMSORÐ:**

Ákærði, Ingólfur Abraham Shahin, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákærði greiði Birgi Jóhannessyni 370.000 krónur í skaðabætur ásamt almennum vöxtum frá 5. nóvember 2006 til 28. febrúar 2007 en eftir það með dráttarvöxtum til greiðsludags.

Ákærði greiði Hilmari Ingimundarsyni hrl. 300.000 krónur í málsvarnarlaun og Grími Sigurðarsyni hdl. 150.000 krónur í réttargæslulaun. Þá greiði ákærði 23.200 krónur í annan sakarkostnað.

Pétur Guðgeirsson